

Umsögn Vestmannaeyjabæjar um frumvarp til laga um breytingu á lögreglugögum nr. 90/1996. Þingskjal 459 mál nr. 251.

Inngangur

Á seinustu áratugum hefur verið til skoðunar að gera grundvallarbreytingar á rekstri sýslumannsembættum um allt land. Fækka þeim og aðskilja frá embættum lögreglustjóra. Gengið hefur verið út frá því að með slíku náist fram veruleg hagræðing í rekstri embættanna.

Undirritaður sat í ráðgjafanefnd þáverandi dómsmálaráðherra árið 2009 þar sem fjallað var um þessar áætlanir. Hópurinn var undir stjórn Þorleifs Pálssonar sýslumanns. Þótt vel hafi fari á með hópnum fór svo að undirritaður skilaði séráliti enda taldi ég að hópurinn hafi átt að komast að fyrirfram gefnum niðurstöðum sem væri þóknanlegur embættismannakerfi en ekki vera ráðherra ráðgefandi.

Vestmannaeyjabær gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

1. Landfræðileg sérstaða Vestmannaeyja

Öllum má ljóst vera að lögreglustjórn í Vestmannaeyjum getur hvergi farið fram annarstaðar en í Vestmannaeyjum. Ástæða er til að benda á að eins og staðarnafnið gefur til kynna eru Vestmannaeyjar eyja. Á þessari eyju er næst stærsti byggðarkjarni utan stórhöfuðborgarsvæðisins. Þegar best lætur liggja samgöngur alfarið niðri megnið af sólarhringnum (hvorki er siglt né flogið í 12 tíma á dag). Við verstu aðstæður liggja samgöngur alfarið niðri svo sólarhringum skiptir.

Boðuð breyting sem felur í sér að í Vestmannaeyjum verði eingöngu sýslumaður en stjórn lögreglu verði flutt burtu dregur úr öryggi og skaðar mjög þjónustustig samfélagsins. Ef horft ertill þess hvernig þetta myndi gerast er nánast öruggt að starf löglærðs fulltrúa legðist af í Eyjum. Allir vita að þessi störf þarf að vinna og stjórn rannsókna og rekstur sakamála í Eyjum eru það viðamikil að ekki þarf að efast um óhagræði þess að færa það í burtu.

Fyrir liggur að lögreglustjórn felur í sér stjórn og skipulag löggæslu, yfirumsjón lögreglurannsókna með tilheyrandi úrskurðarbeiðnum og þvingunarráðstöfunum, húsleitum, hlustunum og gæsluvarðhaldskröfum til héraðsdóms auk útgáfu ákæra, rekstri sakamála ofl. sem er allt meðal grunnþátta í störfum lögreglustjóra og fáum dettur í hug að hægt sé að flytja slíkt frá Vestmannaeyjum án þess að slíkt hafi veruleg áhrif.

Þannig má nánast víst telja að veruleg hættu er á að ákærvald færist frá Vestmannaeyjum og að í framhaldinu leggist dómþingin í Vestmannaeyjum af og ákærðir menn þurfi þá -eða í það minnsta í auknum mæli- að hlíta því að svara til saka fyrir dómi uppi á landi og vitni að gefa skýrslur sínar þar fyrir dómi, sem hefur stórkostlegt óhagræði og kostnað í för með sér fyrir hinn almenna borgara í Eyjum. Sennilega yrði ekki um hagræðingu að ræða hjá hinu opinbera en eitt er víst að kostnaður almennings í Eyjum myndi aukast til muna.

Athygli vekur að boðaðar breytingar fela það í sér að í Vestmannaeyjum verði rekið sérstakt embætti sýslumanns. Þar er réttilega viðurkennd landfræðileg sérstaða Vestmannaeyja sem Eyjabyggðar. Þeim mun afkánanlegra verður það þegar því er haldið fram að ekki þurfi sérstakt embætti lögreglustjóra í Vestmannaeyjum. Rökin eru enda öll þau sömu.

Rétt er einnig að vara við háleitum hugmyndum um sparnað af sameiningu lögregluembættum. Vönduð úttekt fjármálaráðuneytisins sem gefin var út í skýrslu í desember 2008 leiddi í ljós að reynsla íslenskrar stjórnarsýslu er að flestu sambærileg við reynslu annarra ríkja bæði vestanhafs sem og í Evrópu þegar kemur að sameiningu ríkisstofnana.

Í skýslunni segir á bls. 5:

„...sameiningar og aðrar meiriháttar breytingar skila sjaldan þeim árangri sem vonast er eftir eða í undir 15% tilvika.“

Það er ábyrgðarhluti að láta sem svo að þessi niðurstaða liggja ekki fyrir.

2. Stórt embætti

Mikilvægt er að því sé haldið til haga að það eru næg verkefni fyrir lögreglustjóra í Eyjum. Ekki eingöngu eru Vestmannaeyjar næst stærsti byggðarkjarni á landsbyggðinni (utan stórhöfuðborgarsvæðisins) heldur er ferðapjónusta mikil og ítrekað gerist það að íbúafjöldi margfaldast. Eins og gefur að skilja eru því ákærur fleiri hér í Eyjum en t.d. á starfssvæði Héraðsdóms Austurlands og Héraðsdóms Vestfjarða. Að færa ákærvaldið frá íbúum og nærumhverfi er því skref aftur á bak.

3. Mikilvægi öflugra almannavarna

Vestmannaeyjabær sér sig tilknúinn til að minna á hversu mikilvægt hlutverk lögreglustjóra er í öllu því sem snýr að almannavörnum. Það hefur margoft sannað sig að þekking lögreglustjóra á nærumhverfi sínu hefur skipt sköpum. Lögreglustjórar gegna lykilstöðum samfélagsins þegar vá steðjar að. Lögreglustjóri er enda jafnframt yfirmaður almannavarna. Hann stýrir öllum aðgerðum og undirbúningi allra öryggismála fyrir fjölmennar ferðamannahátíðir. Hann er ábyrgur fyrir samstarfi allra þeirra aðila sem veita bráðaaðstoð í margskonar vá allt frá eldgosu yfir til heimsfaraldurs innflúensu. Lögreglustjóri fer með ákærvaldið og hann stýrir löggæslu í einöngruðu nærsamfélagi. Það er algerlega fráleitt að allt þetta og meira til sé mögulegt að gera á markvissan máta af embættismanni í mikilli fjarlægð sem ekki tengist samfélaginu og hefur ekki þekkingu á staðháttum. Ekki þarf að fjölyrða um sérstöðu og einangrun Eyjanna í þessu sambandi. Eins og þegar hefur komið fram eru eyjarnar einangraðar og stundum dögum saman. Ekki þarf að fjölyrða um almannavarnir í Eyjum. Þar er Heimaeyjargosið árið 1973 skýrasta dæmið.

4. Samstarf

Á tyllidögum er oft rætt um samstarf milli stjórnsýslustiga og mikilvægi þess að hlusta á rök þeirra sem besta þekja hvert samfélag – hverja landsbyggð. Vestmannaeyjabær minnir á að það er einlægur vilji Eyjamanna að ekki verð gerð atлага að þeirri þjónustu –og því öryggi- sem fólgin er í því að í Vestmannaeyjum sé bæði embætti lögreglustjóra og sýslumanns. Að líta hjá sérstöðu þessarar einu stóru Eyjabyggðar við landið væri eingöngu til marks um lítin skilning á eðli samfélagsins. Sérstaklega þegar vandséð er að því fylgi önnur hagræðing en tilflutningur á störfum og þjónustu.

Vestmannaeyjabær leggur því enn og aftur fram þá eindrægnu kröfu að hér í Eyjum verði bæði rekið embætti lögreglustjóra og sýslumanns. Þannig verði lögregluumdæmin níu þar sem Vestmannaeyjar verða sérstakt lögregluumdæmi, rétt eins og þær verða sérstakt sýslumannsumdæmi. Til vara er farið fram á að aðsetur lögreglustjóra á Suðurlandi verði í Vestmannaeyjum.

Fylgt úr hlaði

Eftir að hafa komið að þessu máli seinustu tólf ár er það fullkomin og alger vissa undirritaðs að fyrir því hefur farið öflugur hópur embættismanna en það ekki hlotið nægilega pólitíska forystu. Þar með hafa verið fyrir borð borin öll þau viðtæku og málefnaleg rök sem fram hafa verið færð og það þess í stað nálgast með þeirri rörsýn sem oft einkennir embættismannakerfi. Byggaðarsjónarmið, sértækar aðstæður og fleira sem mikilvægt þykir hjá þeim sem næst standa hefur verið léttvægt fundið. Nú er mál að linni og tími til kominn að ráðherra málaflokksins tryggi að ekki verði gengið gegn málefnalegum ábendingum heimamanna.

Fyrir hönd Vestmannaeyjabæjar
Elliði Vignisson
bæjarstjóri í Vestmannaeyjum